



Forvarnarhópur Dalabyggðar

Forvarnarhópur Dalabyggðar er formlegur starfs- og samráðsvettvangur starfsmanna og stofnana sem koma að og tengjast málefnum barna og ungmenna með það að markmiði að stuðla að öruggara umhverfi og heilbrigðara líferni í samfélaginu.

Skipan forvarnarhóps verður eftirfarandi:

Fulltrúi lögreglunnar á Vesturlandi

Fulltrúi heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE)

Fulltrúi félagsþjónustu Dalabyggðar

Fulltrúi Auðarskóla

Fulltrúi íþróttastarfs í Dalabyggð

Fulltrúi tómstundastarfs í Dalabyggð

Um starfshætti hópsins:

Fulltrúi félagsþjónustunnar, sem einnig er formaður hópsins, heldur utan um fundi, sendir fundarboð sem tölvupóst og sér um ritun fundargerða. Fundargerðir sendast skólastjóra Auðarskóla og eru þær trúnaðarmál. Lagt er upp með að fundir séu haldnir mánaðarlega á meðan Auðarskóli starfar, en oftar ef þörf krefur og málefni gefa tilefni til. Fundirnir verða bæði staðfundir, auk fjarfunda í gegnum fjarfundakerfið Teams.

Störf hópsins skulu vera í samræmi við góða stjórnsýslu og þau lög sem við eiga hverju sinni, svo sem grunnskólalög, barnaverndarlög, lög um persónuvernd, upplýsingalög o.s.frv.



Um starfssvið, starfsreglur og viðfangsefni hópsins:

Hópurinn setur sér starfsreglur sem byggjast á eftirfarandi nálgun að viðfangsefninu;

Hlutverk hópsins er að fylgjast almennt með málefnum og forvörnum tengdum börnum og ungmennum í Dalabyggð, samræma aðgerðir, veita stuðning og fræðslu og safna upplýsingum þeim tengdum. Auk þess mun hópurinn hafa yfirsýn yfir niðurstöður rannsókna sem tengjast málaflokknum, sem og þau uppeldis- og meðferðarúrræði sem í boði eru.

Í lok hvers starfsárs skilar hópurinn samantekt sem send verður til Félagsmálanefndar Dalabyggðar.

Samþykkt í félagsmálanefnd Dalabyggðar 4.09.2024

Samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar XXXX